

Mánudaginn 19. janúar 1981.

Nr. 105/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Pálmari Magnússyni

(Jón Oddsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Því var einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Mál þetta var þingfest 25. júní 1979. Fékk ákærði þá vikufrest til að segja til um, hvern hann óskaði skipaðan verjanda sinn. Í þinghaldi 16. júlí s. á. óskaði ákærði þess, að Jón Hauksson héraðsdómslögmaður yrði skipaður verjandi sinn. Var það gert í þinghaldi 12. október 1979 að verjanda viðstöddum. Fékk hann frest til 15. nóvember s. á. til að skila vörn, en sótti þá eigi dómþing. Ákvað dómari þá „að fresta málinu um sinn í því skyni að gefa skipuðum verjanda kost á að skila vörn sinni“. Næst var þingað í málinu 9. janúar 1980. Skipaður verjandi ákærða sótti ekki þing. Getur dómari þess þá í þingbók, að hann hafi a. m. k. þrisvar sinnum á tímabilinu frá 15. nóvember til áramóta ámalgað við skipaðan verjanda ákærða að skila vörn í málinu, en jafnan án árangurs. Síðan er skráð í þingbók: „Verður því að telja, að veittur hafi verið nægur frestur til varnar og ekki verði hjá því komist lengur að taka málið til dóms, einkum með skírskotun til 2. tl. 129. gr. laga nr. 74/1974“. Var síðan dómur kveðinn upp í málinu 15. s. m., án þess að vörn kæmi fram.

Vegna vanrækslu skipaðs verjanda á að skila málsvörn bar héraðsdómara samkvæmt 2. mgr. 84. gr. laga nr. 74/1974 að skipa ákærða annan verjanda og dómataka eigi málið fyrr en vörn hefði borist.

Áð svo vöxnu máli verður ekki hjá því komist að ómerkja

hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 1.500.00 krónur (nýkr.).

Það athugast, að héraðsdómari gætti eigi ákvæða XII. kafla laga nr. 74/1974, er Guðmundur Elíasson kom fyrir dóm 20. desember 1978, en hann var ekki áminntur um sannsögli, og óvíst er um tengsl hans við ákærða.

Víta ber harðlega skipaðan verjanda ákærða, Jón Hauks-son héraðsdómarslögmann, fyrir framangreinda vanrækslu á að skila vörn í málinu.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-
uppsögu af nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkis-
sjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda
ákærða, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00
krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 15. janúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 9. þ. m., er höfðað með ákæru, dagsettri 15. júní 1979, á hendur Pálmari Magnússyni, Foldahrauni 39 F í Vestmannaeyjum, fæddum 30. ágúst 1955 í Reykjavík, „fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 25. nóvember 1978 bifreið sinni, V 1248, neyta áfengis við aksturinn og vera undir áhrifum þess við hann, vítt og breitt um götur Vestmannaeyjakaupsaðar, til skiptis við bróður ákærða, Friðrik Erlingsson Karlsson, þótt sá væri bæði undir áhrifum og ökuréttindalaus, allt þar til akstrinum lauk við Vestmannabraut 53, og var ákærði þá við stjórn bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. og 6. mgr. 25. gr., 1. mgr. 35. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.
gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er sakhæfur. Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem
hér segir:

- 1973 14/12 í Reykjavík. Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr.
umferðarlaga.
- 1973 14/12 í Reykjavík. Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn
217. gr. hegningarlaga.
- 1974 16/1 í Reykjavík. Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 217.
gr. hegningarlaga.
- 1974 11/5 í Vestmannaeyjum. Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 21.
gr. áfengislaga.
- 1975 15/4 í Reykjavík. Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244.
gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skil-
orðsbundið.
- 1976 25/7 í Vestmannaeyjum. Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot
gegn 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 25. nóvember 1978, kl. 0625, var hringt á lög-
reglustöðina frá húsinu nr. 14 B við Bárustíg og skýrt frá grun-
samlegum akstri rauðrar bifreiðar af gerðinni Ford Cortina.

Tveir lögreglumenn fóru þegar að svipast um eftir bifreiðinni.
Óku þeir frá lögreglustöðinni og vestur Vestmannabraut. Er þeir
komu að Skólavegi, sáu þeir, hvar bifreið var ekið austur Vest-
mannabraut og lagt í stæði framan við húsið nr. 53 við þá götu.
Óku þeir þegar að bifreið þessari, sem reyndist vera rauð Ford
Cortina og bar skráningarnúmerið V 1248. Um leið og þeir óku
að bifreiðinni, sáu þeir mann undir stýri hennar, sem þeir þekktu
fyrir ákærða í máli þessu. Bifreiðin var ekki í gangi, er þeir komu
að henni, en vél hennar var mjög heit viðkomu. Maður sat í far-
þegasæti við hlið ákærða, og sá annar lögreglumaðurinn, er
ákærði tók kveikjuláslykla bifreiðarinnar og afhenti þá manni
þessum, og reyndist hann vera með þá.

Færðu þeir menn þessa á lögreglustöðina svo og bifreiðina. Við
yfirheyrslu hjá varðstjóra neitaði ákærði að hafa ekið bifreið-
inni, sem hann kvaðst vera eigandi að. Sagði hann, að maður sá,
sem með honum var, hefði ekið bifreiðinni og væri hann bróðir
hans. Hefðu þeir skipt um sæti, er þeir sáu, að lögreglan nálgæð-
ist. Einnig sagði ákærði við sama tækifæri, að tveir menn aðrir

hefðu verið með þeim í bifreiðinni, en ekki gat hann nafngreint þá. Hefðu þeir verið farnir úr bifreiðinni, er lögreglan kom á staðinn. Aðspurður kvað ákærði þá hafa hafið aksturinn á Básaskersbryggju og ekið síðan vítt og breitt um bæinn. Hann kvaðst hafa verið við drykkju frá því um kl. 19 um kvöldið og hefði hann m. a. verið í hófi í húsi Kiwanis við Strandveg.

Ekki vissi ákærði, hve mikils magns áfengis hann hafði neytt.

Allur var framburður ákærða ruglingslegur og erfitt að henda reiður á honum.

Læknir var kvaddur á lögreglustöðina til að taka blóðsýni úr ákærða, en að svo búnu var hann færður í fangageymslu lögreglunnar.

Maður sá, sem var í för með ákærða, kvaðst heita Friðrik Erlingsson, fæddur 20. júlí 1962. Hann var mjög ölvaður, og var framburður hans mjög ruglingslegur. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni neðan frá Básaskersbryggju og vítt og breitt um bæinn, þar til hann hitti lögregluna. Var á honum að skilja, að ákærði hefði ætlað að taka sökina á sig. Ekki kannaðist hann við, að fleiri hefðu verið í bifreiðinni, þegar þeir stönsuðu á þeim stað, þar sem lögreglan kom að þeim. Aftur á móti sagði hann, að þeir hefðu tekið Guðmund Eliásson, Ásavegi 20, upp í bifreiðina á Heiðarvegi og ekið honum heim. Hefðu þeir hitt hann, er þeir komu neðan af Básaskersbryggju.

Tekið var blóðsýni úr Friðrik til alkóhólákvörðunar, en að svo búnu var hann færður í fangageymslu lögreglunnar.

Í blóðsýni því, er tekið var úr ákærða, reyndist alkóhólmagníð 1.91‰, en hjá Friðrik reyndist magn alkóhóls 1.51‰.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis um kl. 20 í húsi Kiwanis við Strandveg. Kvaðst hann hafa neytt töluverðs áfengis þarna og af mörgum tegundum. Ákærði kvaðst ekki vita, hvað klukkan var orðin, þegar hann yfirgaf Kiwanishúsið. Sagði ákærði, að eiginkona hans hefði ekið þeim í áðurnefnt hof á bifreið þeirra, V 1248.

Ákærði neitaði því eindregið að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn, en kvaðst ekki muna, hver ók bifreiðinni. Þó kvaðst hann muna, að fyrst eftir dansleikinn hefði hann farið heim til sín og þá hefði eiginkona hans ekið. Ákærði kvaðst muna, að bifreið hans hefði verið ekið eftir þetta, en fullyrti, að alltaf hefði verið ódrukkinn maður við stýri.

Varðandi aðdraganda handtökunnar skýrði ákærði svo frá, að það hefði verið á Vestmannabraut, sem lögreglan kom að bif-

reiðinni og hefði bróðir hans, Friðrik, verið með honum. Ekki kvaðst ákærði geta gert grein fyrir því, hver ók bifreiðinni á þann stað, þar sem þeir voru handteknir. Sagði hann, að þegar lögreglan kom að bifreiðinni, hefði hann verið kominn út úr henni, en hann hefði ekki verið með kveikjuláslykla hennar. Neitaði ákærði, ítrekað aðspurður, að hafa ekið bifreiðinni umrædda nótt.

Friðrik Erlingsson skýrði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis um kl. 2130 umrætt kvöld. Síðar um kvöldið hefði hann farið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja.

Að afloknum dansleik hefði hann staldrað við fyrir utan danshúsið, en því næst farið í leigubíl með tveimur félögum sínum. Hefðu þeir farið í samkvæmi í hús við Illugagötu. Fyrir utan það hús hefðu þeir hitt ákærða og hefði hann verið á bifreiðinni V 1248. Hefði ákærði boðið honum upp í bifreiðina og því næst ekið um götur bæjarins. Sagði Friðrik, að m. a. hefði ákærði ekið niður á bryggju þá, sem v/s Herjólfur liggur við. Þar hefði ákærði leyft honum að aka bifreiðinni og hefði hann ekið 5—10 metra spöl þarna á bryggjunni, en þá hefði ákærði tekið við stjórn hennar á nýjan leik.

Friðrik kvaðst hafa fundið til lítils háttar áfengisáhrifa við aksturinn.

Eftir að ákærði hafði tekið við stjórn bifreiðarinnar á ný á bryggjunni, sagði Friðrik, að þeir hefðu farið í áðurnefnt hús við Illugagötu og hefði ákærði einnig komið inn.

Kvaðst hann hafa farið úr gleðskap þessum einhvern tíma um morguninn ásamt ákærða. Hefðu þeir farið burt á bifreið ákærða, sem jafnframt hefði verið ökumaður. Hefði ákærði ekið sem leið liggur frá Illugagötu niður á Vestmannabraut, en þar hefði hann stöðvað bifreiðina. Skömmu síðar hefði lögreglan komið að og fært þá á lögreglustöðina.

Þá sagði hann, að þegar þeir fóru úr gleðskapnum, hefðu þeir tekið með tvo farþega, Guðmund og Björn, og hefði þeim verið ekið heim til þeirra.

Vitnið Guðmundur Elíasson skýrði svo frá, að það hefði farið í samkvæmi í húsi austur í bæ og hefðu þeir ákærði og Friðrik verið þar. Eftir að hafa verið í húsi þessu um stund hefði það farið í hús við Illugagötu. Hefði hann farið þangað í bifreið ákærða, en ökumaður hefði verið piltur, sem kallaður sé Stebbi. Sagði vitnið, að ákærði og Friðrik hefðu einnig verið í bifreiðinni í umrætt sinn og hefðu þeir einnig farið inn í áðurnefnt hús við Illugagötu.

Vitnið kvaðst hafa farið úr húsi þessu einhvern tíma um nóttina og hefði það fengið far með bifreið ákærða. Kvaðst það muna, að með því í bifreiðina hefðu farið þeir ákærði og Friðrik, en ekki kvaðst vitnið muna, hver ók bifreiðinni í umrætt sinn.

Kvaðst vitnið helst halda, að því hefði verið hleypt úr bifreiðinni á horni Kirkjuveggar og Ásaveggar og þaðan gengið heim.

Vitnið Unnur Lilja Elíasdóttir, eiginkona ákærða, skýrði svo frá, að það hefði verið með ákærða í hófi því, er haldið var í húsi Kiwanis við Strandveg, og hefðu þau komið þangað á bifreið þeirra. Kvaðst vitnið hafa verið þarna, meðan hófið stóð. Að því loknu hefði það ekið fólki úr hófinu, en ekið heim skömmu síðar. Vitnið kvaðst hafa orðið viðskila við ákærða, þegar það fór að aka áðurnefndu fólki. Vitnið kvaðst hafa vaknað við, að ákærði og Friðrik voru komnir í íbúðina ásamt fleirum, sem það vissi ekki deili á, enda ekki farið á fætur. Sagði vitnið, að allir þessir hefðu staðið stutt við, en ekki vissi það, hvort þeir fóru akandi eða gangandi frá húsinu. Einhvern tíma fyrir hádegi kvaðst vitnið síðan hafa hringt á lögreglustöðina og þá verið sagt, að ákærði og Friðrik væru þar svo og bifreiðin.

Vitnið Ómar Garðarsson lögreglumaður skýrði svo frá, að frá því þeir lögreglumennirnir sáu bifreið ákærða og þar til þeir komu að henni hefði aðeins liðið örstutt stund og vegalengdin einnig verið mjög stutt. Enn fremur sagði vitnið, að gersamlega útilokað væri, að ökumaður og farþegi bifreiðarinnar V 1248 hefðu getað skipt um sæti á þeim örstutta tíma, sem leið, frá því að þeir lögreglumennirnir urðu bifreiðarinnar varir og þar til þeir voru komnir upp að bifreiðinni, þar sem hún var komin í stæðið framan við húsið nr. 53 við Vestmannabraut, enda hefðu þeir aldrei séð neina hreyfingu á mönnunum í bifreiðinni. Kvaðst vitnið því ekki vera í nokkrum vafa um, að ákærði hefði verið ökumaður bifreiðarinnar V 1248, þar sem henni var ekið austur Vestmannabraut laugardagsnóttina 25. nóvember 1978. Loks sagði vitnið, að enginn hefði farið út úr bifreiðinni V 1248, frá því hún stöðvaði og þar til lögregluna bar að.

Vitnið Ófeigur Óskar Sigurpálsson lögregluvarðstjóri sagði, að það og Ómar Garðarsson lögreglumaður hefðu farið út af lögreglustöðinni, jafnskjótt og tilkynning barst um akstur bifreiðarinnar V 1248. Hefðu þeir ekið vestur Vestmannabraut og stöðvað við gatnamót þeirrar götu og Skólavegar. Kvaðst vitnið þá hafa séð til bifreiðar, sem ekið var á móti lögreglubifreiðinni, og hefði bifreið þessi þá verið, þar sem Vestmannabraut er hæst. Hefðu

þeir ekið á móti bifreið þessari, en henni verið ekið að gangstéttarbrún í þann mund, sem bifreiðarnar mættust. Hefði það þá séð, að tveir menn voru í framsæti bifreiðarinnar. Sagði vitnið það vera útilokað, að menn þessir hefðu getað skipt um sæti, meðan þeir lögreglumennirnir sáu til ferða bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið ekki vera í nokkrum vafa um, að ákærði hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Loks sagði vitnið, að Ómar Garðarsson hefði gengið að bifreiðinni bílstjóragegin, en það hefði farið að henni farþegamegin og hefði það þá séð, að ákærði rétti Friðrik kveikjúláslykla bifreiðarinnar.

Vitnið Arndís Egilsson sagði, að atvik þetta væri því í fersku minni. Staðfesti vitnið, að það hefði hringt á lögreglustöðina og hefðu tildrög þess verið þau, að útidyrabjöllu heimilis þess hefði verið hringt og hefðu tveir ölvaðir menn verið á tröppunum. Kvaðst það hafa borið kennsl á mennina og hefðu þeir verið ákærði í máli þessu og bróðir hans. Hefði það vísað mönnum þessum burt og séð, að þeir fóru út í rauða Cortina bifreið. Friðrik hefði sest undir stýri, en ákærði við hlið hans. Sá fyrrnefndi hefði reynt að aka bifreiðinni áfram, en það ekki tekist, vegna þess að hún var föst í snjó. Hefði ákærði þá tekið við, en bróðir hans ýtt og hefði þá tekist að mjaka bifreiðinni úr snjónum. Sá, sem ýtti, hefði komist upp í bifreiðina og henni hefði þá verið ekið vestur Vestmannabraut, og kvaðst vitnið ekki hafa séð meira til ferða bifreiðarinnar eftir það. Vitnið kvaðst hafa hringt í lögregluna, meðan verið var að losa bifreiðina úr snjónum. Þá sagði vitnið, að það hefði séð, að ákærði hefði fengið sér að drekka úr vínflösku, meðan hann sat undir stýri bifreiðarinnar. Loks kvaðst vitnið hafa séð, þegar það fór til dyra, að í aftursæti bifreiðarinnar hefði legið maður, og er það hefði spurt þá, hver það væri, hefði því verið svarað, að þetta væri Guðmundur Elíasson.

Niðurstaða.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, með framburðum vitna og öðrum gögnum málsins telst nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Hefur hann með því orðið brotlegur gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. og 6. mgr. 25. gr., 1. mgr. 35. gr., sbr. 30. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 120.000 króna sekt, er

renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Pálmar Magnússon, greiði 120.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. janúar 1981.

Nr. 107/1980. **Ákærvaldið**

(Pórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Hans Anders Þorsteinssyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, meðal annars um breytingar, sem gerðar hafa verið á götum, þar sem árekstur sá varð, sem mál þetta er risið af.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi og brot ákærða réttilega heimfærð til lagaákvæða. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu